

Rannsóknarráð öryggismála – RANNUM Auður Þóra Árnadóttir, Vegagerðin

Ágrip

Aðdragandi að stofnun RANNUM, Rannsóknarráðs umferðaröryggismála.

Í árslok 1999 tilkynnti Vegagerðin opinberlega að fyrirhugað væri að auka rannsóknir á sviði umferðaröryggis frá og með árinu 2000 og væri stefnt að því að skipuleggja átaksverkefni til 5 ára.

Á árinu 2000 hafði Rauði kross Íslands frumkvæði að því að ræða viðlíka mál við Umferðarráð og var ákveðið að þessir þrír aðilar ynnu saman að undirbúningi átaks í rannsóknum á þessu sviði og fljótlega bættist Landspítali-háskólasjúkrahús í hóp undirbúningsaðila. Í ljós kom að fjöldi aðila, stofnanir, samtök og fyrirtæki lýstu sig reiðubúin til að taka þátt í samvinnu af þessu tagi og var því ákveðið að stofna svokallað Rannsóknarráð umferðaröryggismála. Á Umferðarþingi þann 30. nóvember árið 2000 var svo undirrituð viljayfirlýsing aðila en formlegur stofnfundur ráðsins var haldinn þann 20. desember sama ár.

Hlutverk og markmið RANNUM.

Í stofnsamningi segir:

„Hlutverk Rannsóknarráðs umferðaröryggismála er að standa fyrir hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys og draga úr afleiðingum slysa. Ráðinu er ætlað að hvetja til, eiga frumkvæði að, skipuleggja, framkvæma og styðja rannsóknir á sviði umferðaröryggis, ásamt því að fylgjast með erlendum rannsóknum og kanna notagildi þeirra fyrir íslenskt samfélag. Þá skal ráðið kanna og stuðla að aukinni þekkingu almennings í skyndihjálpi“

„Markmið starfsins er að afla nýrrar þekkingar innanlands og utan, leiða saman þá aðila sem vinna á þessu sviði og gera þannig rannsóknirnar faglegri og markvissari. Einnig að nýta fjármuni til rannsókna á sem skilvirkastan hátt og stuðla að því að niðurstöður rannsókna nýtist til beinna aðgerða og aukins umferðaröryggis almennt.“

Aðilar sem eiga fulltrúa í RANNUM.

Í RANNUM sitja fulltrúar þeirra aðila sem undirrituðu stofnsamning ráðsins.

Stofnaðilar:

Vegagerðin
Rauði kross Íslands
Landspítali-háskólasjúkrahús
Umferðarráð
Ríkislögreglustjóri
Skráningarstofan
Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Reykjavíkurborg

Ökukennarafélag Íslands
Tækniskóli Íslands
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Háskóli Íslands
Landlæknir
Samband íslenskra tryggingafélaga
Háskólinn í Reykjavík
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Við það var miðað að framlag stofnaðila væri í formi peningafjárhæðar, vinnuframlags eða öðru því sem viðkomandi gæti lagt fram og nýttist í umferðaröryggismálum hér á landi. Gert var ráð fyrir því strax í upphafi að nýir aðilar gætu komið að starfinu síðar með sömu skilyrðum og stofnaðilar og kom Háskólinn á Akureyri inn í Rannsóknarráðið árið 2001.

Stjórn RANNUM er skipuð fulltrúum frá undirbúningsaðilum að samstarfinu, þ.e. Vegagerðinni, Rauða krossi Íslands, Umferðarráði og Landspítala-háskólasjúkrahúsi. Formaður stjórnar RANNUM er Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar.

Verkefni sem RANNUM hefur fjármagnað eða styrkt.

Árið 2001 reyndist unnt að fjármagna eða styrkja 18 verkefni og var heildarfjárveiting til þeirra rúmar 23 milljónir króna.

Verkefni sem fengu fjárveitingu frá RANNUM árið 2001.


- 1) Gengi nýliða í umferðinni eftir æfingaakstur með leiðbeinanda - árangur leiðbeinandaþjálfunar
- 2) Áfengisneysla og akstur á Íslandi. Patterns of drunk driving in Iceland
- 3) Umferðarfræðsla í skólum
- 4) Greining og könnun á skyndihjálparkennslu í ökuskólum
- 5) Sálrænir þættir í umferðarslysum ungra ökumanna
- 6) Ástæður umferðaróhappa á þjóðvegi
- 7) Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum er varða eitt ökutæki
- 8) Mat á óstöðugleika (tognun) í hálshrygg eftir bílákeyrslur
- 9) Útafakstur í dreifbýli. Framanákeyrslur
- 10) Lífstíll ungra ökumanna
- 11) Hraðamerkingar á hættulegum beygjum í vegakerfinu
- 12) Ökulag. Rannsókn á atferli ökumanna
- 13) Slysartilhneiging einstaklinga í umferðarslysum og tengsl við önnur slys
- 14) Aukið aðhald = Aukið umferðaröryggi
- 15) Mat á kostnaði við líkamstjón í umferðarslysum: Forkönnun
- 16) Þróun á hugbúnaði til að meta alvarleika áverka í umferðarslysum
- 17) Umferðareftirlit í dreifbýli
- 18) Slysaskrá Íslands

Ákveðið var að skipta verkefnum í eftirfarandi flokka eftir eðli þeirra:

1. Tæknileg verkefni
2. Kostnaðarmál tengd slysum
3. Fræðslumál
4. Líffræði/læknisfræði
5. Sálfræði/hegðun ökumanna
6. Tölfræði.

Skipting þeirra verkefna sem fengu fjárveitingu frá RANNUM árið 2001 sést á mynd 1.

Mynd 1: Skipting verkefna sem fengu fjárveitingu frá RANNUM árið 2001.




Árið 2002 var alls unnt að fjármagna eða styrkja 23 verkefni og var heildarfjárveiting til þeirra rúmar 24 milljónir króna.

Verkefni sem fengu fjárveitingu frá RANNUM árið 2002.

- 1) Umferðarfræðsla í skólum 2 (framhaldsrannsókn)
- 2) Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum: Munur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða
- 3) Ástæður umferðaróhappa á þjóðvegi
- 4) Slysatíðni breyttra jeppa
- 5) Sálrænir þættir í umferðarslysum ungra ökumanna
- 6) Gagn og gaman: Mat á umferðarfræðslu barna á leikskólastigi
- 7) Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum
- 8) Framanákeyrslur
- 9) Álagspunktar hringvegjar
- 10) Ungir ökumenn: aksturshegðun og félagslegir áhættuþættir umferðaróhappa
- 11) Ljósvalki
- 12) Athugun á umferðaröryggi hringtorga á Íslandi
- 13) Umferðarkannanir 1985-2001: Niðurstöður og notkun
- 14) Slyss á gatnamótum
- 15) Ökulag á þjóðvegum metið með gögnum umferðargreina
- 16) Mat á óstöðugleika (tognun) í háls hrygg eftir bílákeyrslur
- 17) Landfræðileg greining umferðaróhappa
- 18) Aksturshættir ungra ökumanna á Íslandi
- 19) Forgangur á T gatnamótum; T - regla
- 20) Rannsókn á bifhjólasylysum 1991-2000
- 21) Áfengisneysla og akstur á Íslandi
- 22) Sjálfbær upplýst umferðarmerki með endurskini
- 23) Könnun á umferðarfræðslu á Akranesi

Skipting þeirra verkefna sem fengu fjárveitingu frá RANNUM árið 2002 sést á mynd 2.

Mynd 2: Skipting verkefna sem fengu fjárveitingu frá RANNUM árið 2002.



Kynning niðurstaðna verkefna sem fengið hafa fjárveitingu frá RANNUM.

Til stendur að á heimasíðu RANNUM, www.umferd.is/rannum, komi fram ágríp og lokaskýrslur allra verkefna sem fengið hafa fjárveitingu frá rannsóknarráðinu. Einnig er ætlunin að á Umferðarþingi þann 21. og 22. nóvember nk. verði starfsemi RANNUM sérstakur dagskrárliður og þar verða nokkur verkefni kynnt.